

	HAGF2ÞE05 - Þjóðhagfræði Kaflapróf úr köflum 1- 7	Haustönn 2025
	Nafn: LAUSN	Eink.: _____

1. 20% Útskýrðu eins vel og þú getur

a) Samneysla

Kaup opinberra aðila á vörum og þjónustu sem látin er þegnum í té án tillits til kaupgetu þeirra

b) Fórarkostnaður

Verður til vegna þess að tekjur fólks og framleiðsluþættir eru takmarkaðir. Ef eitt er keypt er ekki hægt að kaupa annað. Það sem ekki var keypt var því fórnað fyrir það sem var keypt.

c) Blandað hagkerfi

Þar sem sumar ákvarðanir um framleiðsluna eru teknar á markaði en aðrar teknar af stjórnvöldum

d) Hagvöxtur

Þegar það sem ein þjóð framleiðir (vörur eða þjónustur) vex frá ári til árs, þá er talað um hagvöxt.

2. 15% Hvað er markaður og hver eru markaðsöflin? Hvernig stýrir markaðurinn nýtingu framleiðsluþáttanna með því að færa þá til þeirrar framleiðslu sem neytendur vilja kaupa og frá þeirri framleiðslu sem neytendur hafa ekki áhuga á? (Útskýrðu og nefndu dæmi)

Þar sem framboð og eftirspurn mætast er markaður. Framleiðendur vilja framleiða þar sem verðið er hæst og eftirspurnin mest. Þegar eftirspurn minnkar lækkar verðið og laun lækka þá færa framleiðendur og launafólk sig yfir í þá framleiðslu þar sem verðið er hátt og eftirspurn mikil

3. 10% Hver eru helstu rök með og á móti einkavæðingu? (5 gallar og 5 kostir)

Kostir: Bættur rekstur – Aukin samkeppni – Valddreifing – Aukning tekna opinberra aðilla – Frumkvæði og nýsköpun leysist úr læðingi

Gallar: Samþjöppun valds – Markmið með opinberum rekstri sjaldnast hámarksgróði – Eignir færðar einkaaðilum á silfurfati – Eðlislæg einokun – Verðsamkeppni sjaldgæf


4. 10% Hvaða þættir hafa áhrif á eftirspurn eftir vöru eða þjónustu? (Nefnið a.m.k. 5 atriði)

Verð – Tekjur kaupenda – Verð stuðningsvara – Verð staðgengilsvara – Smekkur og tíska kaupenda – Lánskjör og lánamöguleikar.

5. Þú stjórnar í litlu hagkerfi þar sem bara eru framleiddar tvær vörur, hakkpizzur og farsímar. Þegar allt vinnuafli á markaði hefur vinnu þá er hægt að framleiða 96.000 pizzur eða 3.200 farsíma.

- a) 5% Teiknaðu framleiðsluþáttar miðað við þessar upplýsingar. Hafðu pizzurnar á y-ás og farsímana á x-ás.

- b) 5% Ef framleiddar eru 60.000 pizzur í landinu, hvað er þá hægt að framleiða marga farsíma? Sýndu útreikninga og merktu inn á grafið



$$\frac{96000}{3200} = 30 \text{ pizzur/farsíma}$$

$$\frac{60000}{30} = 2000 \text{ farsímar} \Rightarrow 3200 - 2000 = \mathbf{1200 \text{ farsímar}}$$

- c) 5% Hvað getur þú gert til að auka hagvöxtinn? Sýndu á grafinu hvernig hagvöxturinn eykst.

T.d. flutt inn vinnuafli

- d) 5% Merktu inn á grafið:

- Full atvinna
- Atvinnuleysi
- Hagvöxtur

6. 10% Hvaða þættir hafa áhrif á verðteygni eftirspurnar? (nefnið 2 atriði)

- *Hvort varan eigi sér marga staðgengla*
- *Hvort varan sé ávanabindandi*
- *Hvort lítill eða stór hluti tekna fari í að kaupa vöruna*
- *Hvort um sé að ræða nauðsynjavöru eða t.d. munaðarvöru*
- *Hvort um sé að ræða til skamms tíma eða langs tíma*
- *Hvort varan sé mikið auglýst eða ekki*

7. 10% Adam Smith talaði um hina “Ósýnilegu hönd”. Komdu með dæmi um hvernig þessi hönd virkar á markaði

Þegar t.d. skóframleiðandi framleiðir kvenskópör í nr. 37, 38, 39, 40, 41 og 42 en ekki er eftirspurn fyrir nema skópörum nr. 38, 39 og 40 þá eru skilaboðin markaðarins að næst eigi framleiðandinn eingöngu að framleiða skópör í þeim stærðum. Þarna er hins ósýnilega hönd markaðarins að vinna sína vinnu.

8. 5% Verð á Nautalundum lækkaði um 10% og jókst eftirspurnin strax um 25% í kjölfarið.

a. Reiknaðu út verðteygni eftirspurnar nautalundanna

$$\text{Verðteygnin er } \frac{25}{10} = 2,5$$

b. Ef verð á kryddi hækkar um 20%, myndi það hafa áhrif á eftirspurn á nautalundum (Já eða Nei)? Útskýrðu hvers vegna (1 atriði).

Nei, verð krydds er svo lítill hluti heildarverðs að áhrif þessarar hækkunar eru engin. Væðteygni kryddsins og nautalundanna er því lítil eða engin.